

## Bekkur: 9. bekkur

### Námsgrein: Samfélagsfræði

**Kennari:** Esther Inga Níelsdóttir

**Nemendur:** 37

**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku

Undir þessa grein heyra eftirtalin svið: saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði. Greinin fjallar um samfélög og menningu á gagnrýninn og upplýsandi hátt. Skylda hvers samfélags er að fræða nemendur um jafnrétti, mannréttindi, umhyggju og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Nauðsynlegt er að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra svo sem við fjölskyldu, og að mynda ný tengsl við breytilegar aðstæður.

Rætur og menntagildi má útskýra á eftirfarandi hátt:

1. Hæfni til að skilja umhverfið, samfélagið og söguna til að víkka reynsluheim nemenda.
2. Hæfni nemenda til að átta sig á eigin sjálfsmynd til að víkka út hugarheim nemenda.
3. Hæfni til að mynda og þróa tengsl við aðra og hvetja til þátttöku í félagsheimi sínum.

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi á grundvallarviðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Að nemendur tileinki sér réttssýni og ábyrgð og gildismat sem byggir á hæfni til að setja sig í spor annarra.

Hver fræðigrein innan samfélagsgreina gegnir ákveðnu hlutverki:

Sögukennsla byggir á heimildum um sögu og samfélög frá fortíð til okkar tíma. Trúarbragðafræði á að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. Landafræði fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum.

Siðfræði eflir siðvit og fjallar um siðferðileg álitamál. Þjóðfélagsfræði fjallar um það þjóðfélag sem við búum í og samskipti okkar við umheiminn. Henni er ætlað að styrkja ábyrgð og frumkvæði nemenda á skapandi hátt. Lífsleikni svarar spurningum hvað varðar reynsluheim, hugarheim og félagsheim nemenda.

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum eru þrískipt:

1. Reynsluheimur m.a. : Siðferði, saga Íslands, saga heimsins, fjölmenning, gagnrýnin hugsun, menningarlæsi og lýðræði.
2. Félagsheimur m.a. : Borgaravitund, samfélagsreglur, borgaralegar skyldur, mannréttindi, tjáning, samræða, sáttfýsi.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

|               | Hæfniviðmið                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | Kennsluhættir                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 | Námsmat                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
|---------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Reynsluheimur | <p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Greint afmarkaða efnispætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar</li> <li>Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum</li> <li>Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu</li> <li>Sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf</li> <li>Greint mynstur mannlegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum</li> <li>Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun</li> <li>Fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður.</li> </ul> | <p>Bókin Blessað stríðið og bókin <i>Stríðsárin á Íslandi</i> eru lesnar samhliða og verða umræður og viðfangsefni um seinni heimstyrjöldina út frá þeim. Skoðað verður hvaða hernám Breta og síðar Bandaríkjamanna hafði á íslenskt þjóðfélag bæði til lengri og skemmri tíma og einnig hvaða áhrif stríðið hafði á heimsvísu.</p> <p>Farið er yfir það ástand sem orsakaði tvær heimsstyrjaldir og hvaða átök og stríð eru í heiminum í dag.</p> <p>Horft verður á þáttinn Stúlkurnar frá Kleppjárnsreykjum og fjallað um „Ástandið“ á Íslandi á stríðsárunum.</p> <p>Bókin <i>Um víða veröld</i> (heimsálfur) lesin og rætt um efni hennar með útskýringum frá kennara og reynsla nemenda er líka notuð. Farið yfir og unnið með þau verkefni sem eru í bókinni.</p> <p>Fylgst er með fréttum eins og hægt er til að tengja námsefni við nútímann. Auk þess sem stuðst verður við myndbönd af netinu til þess að auka og dýpka skilning á tilteknu viðfangsefni hverju sinni og tengt við námsefni samfélagsfræðinnar.</p> | <p>Bókin: Um víða veröld. Heimsálfur</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Gagnakönnun</li> <li>Hópverkefni um smáríki í Evrópu</li> <li>Verkefni um Kínamúrinn</li> <li>Hópverkefni um Afríku</li> <li>Verkefni um fellibyli</li> <li>Verkefni um Suður Ameríku</li> <li>Verkefni um eyjaklasa</li> <li>Verkefnið Merkir menn í WW2</li> </ul> <p>Námsmat úr verkefnum tengdum síðari heimstyrjöldinni</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Vefleiðangur um hernámið á Íslandi</li> <li>Verkefni um atvinnuástand á Íslandi á stríðsárunum</li> <li>Verkefni um „Ástandið“</li> <li>Verkefni um íslenska nasista.</li> <li>Hópverkefni um fangabúðir</li> <li>Verkefni um atburði sem áttu sér stað í Pearl Harbour</li> </ul> <p>Námsmat úr bókinni Maðurinn og trúin.</p> |

|             |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |                                                                                                                                              |
|-------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|             | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.</li> <li>• Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars.</li> <li>• Gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta.</li> <li>• Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.</li> <li>• Útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði</li> <li>• Ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar.</li> <li>• Skilið og velt fyrir sér samhengi samfélags, stjórn mála, trúarbragða og lífsviðhorfa á ýmsum stöðum og tímum.</li> </ul> | <p>Horft verður á kvikmyndina Pearl Harbour og unnið verkefni um atburðina sem þar áttu sér stað.</p> <p>Bókin Maðurinn og trúin lesin og unnin verkefni í tengslum við hana. Markmið að dýpka skilning á mannlegri hegðun og menningu.</p> <p>Unnið að því að hvetja nemendur að skilja umheiminn og menninguna sem hann er staðsettur í og geti útskýrt sjálfsmynd sína út frá því.</p> <p>Reynt verður að virkja nemendur til umræðna og skoðanaskipta um námsefnið. Þá verður rík áhersla lögð á hópavinnu og samvinnu í verkefnavinnu.</p> | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur vinna bækling tengdum trúarbrögðum</li> <li>• Jafningjamat</li> <li>• Sjálfsmat</li> </ul> |
| Hugarheimur | <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótask af umhverfi og búsetu, stjórn málum og félagslegum</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |                                                                                                                                              |

|                                                                                                                                                              |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |  |  |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|--|
|                                                                                                                                                              | <p>aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.</li> <li>• Sett sig í spor fólks með ólíkan bakrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum.</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |  |  |
| Félagsheimur                                                                                                                                                 | <p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislega samstarfi og samræðu</li> <li>• Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra</li> <li>• Brugðist við skoðunum annarra á fordómalausan hátt</li> <li>• Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum</li> <li>• Ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleysis.</li> <li>• Geti tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti einn eða í samstarfi við aðra.</li> <li>• Vönduð vinnubrögð við <i>framsetningu</i> efnis, t.d glósur, vinnubók, veggspjöld ofl.</li> <li>• Sýnt sjálfsaga og virðingu í mannlegum samskiptum við ólíka einstaklinga.</li> </ul> |  |  |
| <p><b>Námsgögn:</b> Stríðsárin á Íslandi, Blessað stríðið, Um víða veröld: Heimsálfur, Maðurinn og Trúin, annað efni frá kennara.</p> <p><b>Námsmat:</b></p> |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |  |  |

**Leiðsagnarmat** í formi munnlegra og skriflegra leiðbeininga og endurgjafa frá kennara, kannanir og fl. og hins vegar á lokamati.

**Lokamatsverkefni** reyna á þá hæfni sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér að lokinni innlögn og þjálfun. Kannað er hvort nemendur geti beitt þeirri þekkingu sem þeir hafa tileinkað sér af öryggi og með góðum skilningi, þ.e. sýnt fram á ákveðna hæfni.

**Lokamat:**

Lokamat verður í formi símats og þar er meðal annars verkefni um kortalæsi, heimsálfur, gagnakannanir, ritanir, hópverkefni, heimildaverkefni.